

MÁLSTOL

AÐ YFIRSTÍGA HINDRANIR Í SAMSKIPTUM

Hvað er málstol?

Málstol er máltruflun sem hefur áhrif á samskiptafærni. Orsök málstols er oftast skaði í kjölfar heilaslags, á þeim svæðum heilans sem stýra máli og tali.

Ég er með málstol



Taktu þér tíma

Það getur tekið tíma að finna réttu orðin.



Láttu fólk vita hvað virkar best fyrir þig

Viltu að spurningar séu endurteknaðar á mismunandi vegu?



Notaðu hjálparkæki

Hafðu með þér myndir, skriffæri og blað, síma, spjaldtölvu eða annað.



Það er allt í lagi að finna fyrir þirringi

Ekki áfella sjálfa/n þig þótt þú festist eða hikir í tali. Sýndu sjálfri/sjálfum þér þolinmæði á meðan þú finnur hvað gengur best.

Ég vil eiga í samskiptum við einhvern með málstol



Einfaldaðu

Talaðu í stuttum og einföldum setningum.



Sýndu þolinmæði

Gefðu nægan tíma til svara. Talaðu við hann/hana en ekki fyrir hann/hana.



Minnkaðu truflanir

Slökktu á útvarpi/sjónvarpi eða öðrum tækjum sem draga athygli frá samskiptum.



Notaðu hugmyndaflugið

Prófaðu að skrifa, teikna, nota látbragð, myndir eða tæki á borð við farsíma eða spjaldtölvu.



Staðfestu

Endurtaktu það sem þú telur að hann/hún hafi sagt.



STAÐREYNDIR UM FÓLK MEÐ MÁLSTOL:

1. Það tjáir sig öðruvísi en hefur sömu vitsmuni og áður.
2. Heyrn þeirra hefur ekki versnað, að tala hátt hjálpar ekki.
3. Þegar þú talar við fólk með málstol þarftu að laga mál þitt að þörfum þess.